

## Skólasaga Garðahrepps - Flataskóli

Garðahreppur var fámennur fram á miðja öldina og fjöldi skólabarna breytileg. Allt frá 1908-1942 rokkar fjöldi barnanna frá 11 til 16. Á skólaárinu 1942-43 eru þau 11 að tölunni. Þaðan í frá fjölga börnunum í hreppnum allt frá því að vera 54 talsins skólaárið 1952-53 í 137 við stofnun Barnaskóla Garðahrepps 1958. Það var því ekki grundvöllur fyrir heimangönguskóla í Garðahreppi fyrr en upp úr 1950, enda varð þróunin sú. En við gildistöku barnaskólalaganna varð hreppsfélaginu skylt að sjá 10-14 ára börnum sínum fyrir lögboðinni skólagöngu. Byggt var hús á Garðaholti (nú félagsheimilið Garðaholt), sem í senn skyldi þjóna skólalaldi og þingaldi hreppsins. En heimili nemenda voru dreifð um byggðir hreppsins og varð farskóli því fyrir valinu. Skólaárið 1908-9 var kennt á 3 stöðum: Hlíð í Garðahverfi, Urriðakoti og Óttarsstöðum, en tvö árin, 1909-11, í Garðaskóla og á Óttarsstöðum.

Upp úr 1911 verður Garðaskóli heimangönguskóli til ársins 1937 og síðan farskóli á nýjan leik til ársins 1947 verða því tímamót í skólalaldi Garðahrepps, það ár fellur skólalald niður í hreppnum uns það er tekið upp á nýjan leik við stofnun Barnaskóla Garðahrepps 1958. Árin 1947-58 sóttu börn skóla í önnur skólalverfi. Fjölskyldur kusu frekar að börnum þeirra væri ekið í nágrennskóla en þau dveldu í heimavistarskóla innan hreppsins. Börnin sóttu Barnaskólann í Hafnarfirði, Flensborgarskóla, barnaskóla St. Jósefssystra og þau, sem yst á nesinu bjuggu, Bjarnastaðarskóla.

Hreppurinn greiddi skólagjöld og kostnað vegna aksturs. Skólanefndin fylgdist með heimtum barnanna og að skólaskylda þeirra væri virt. Þetta fyrirkomulag var þó ekki til frambúðar. Hvorttveggja var að við skólaskyldu barna og unglinga ukust kröfur um margbreytileik námsefnisins, svo að ekki var lengur á færi sama kennara að verða við námskröfum laganna eins og áður var um áraraðir á farskólastiginu, sem og það, að grannskólarnir höfðu ekki lengur rými fyrir utanbæjarbörnin sem fjölgaði ört. Þörf fyrir sjálfstætt skólalúsi hreppsins knúði því á og árið 1956 heimilaði menntamálaráðuneytið byggingu þess og samþykkti skipulag skólanefndarinnar um heimankeyrslu nemenda, en byggð var enn dreifð í hreppnum.

Var Barnaskóli Garðahrepps, síðar Flataskóli, settur 18. okt. 1958 í nýja skólalúsinu. Nemendur voru þann vetur 137 talsins. Við stofnun skólans varð Vilbergur Júlíusson (f. 20. júlí 1923) skólastjóri hans allt til ársins 1984. Auk skólastjóra komu að skólanum eftirtaldir kennarar: Bjarni Jónsson, Borghildur Jónsdóttir, Haukur Magnússon, Kristín Tryggvadóttir, Leifur Eiríksson og Marín Gísladóttir.

Í tíð Vilbergs voru gefin út 5 skólablöð undir nafninu Setberg og var hlutverk þess að vera „...tengiliður milli skólans og heimilanna og rifja upp og varðveita ýmislegt úr skólasögu byggðarlagsins, að flytja sögur, ritgerðir og teikningar eftir nemendur, og kynna sem flesta þætti skólastarfsins í máli og myndum”, eins og kemur fram í ávarpi skólastjórans í Setbergi 1958.

Viðhorf Vilbergs til skólalalds 10 árum síðar kemur fram í grein hans í Setbergi 1968: „Hornsteinn uppeldisins er heimilið. Því verður aldrei breytt. Skólinn getur aðeins stutt það en samvinna er höfuðnaðsyn... Skólinn hefur verið í mótun. Nú þarf skólinn að horfa til framtíðarinnar, hyggja að nýjum og breyttum viðhorfum í kennslu og uppeldi og byggja á fyrri reynslu”. „Mikil umbrot hafa átt sér stað í íslenskum skólamálum hin síðari ár. Skólinn í dag er allt önnur stofnun en hún var fyrir t.d. tveim til þremur áratugum. Grunnskólalögin og veigamiklar þjóðfélagsbreytingar hafa kallað á stóraukið húsnæði, lengingu skólaskyldu og skóladagsins, samfelldari stundaskrá, einsetinn skóla, nýtt, betra og fjölbreyttara námsefni, endurskoðaðar og nýjar

námsgreinar og endurmenntun kennara. Þá hefur og hvers konar þjónusta við nemendur verið stóraukin og má þar nefna sálfræðiþjónustu, hjálpar- og stuðningskennslu, skólasöfn, handmennt, fjölbreytt félagsstörf og íþróttakennslu”.

Sigrún Gísladóttir (f. 26. sept. 1944) tók við skólastjórstöðu Flataskóla 1984 og hefur gegnt henni síðan.

Byggð jókst hratt í Garðahreppi og 1. jan. 1976 fékk hreppurinn kaupstaðarréttindi (íbúar 4200). Barnaskóli Garðahrepps, nú Flataskóli, rúmar ekki lengur börnin öll, svo að stofnað var útibú árið 1977 í safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli fyrir 6-8 ára börn, undir yfirstjórn Guðrúnar Guðjónsdóttur (f. 12. febr. 1943, d. 22. júlí 1983). Skólahaldið í safnaðarheimilinu verður vísir að nýjum skóla, Hofsstaðaskóla, sem stofnaður var 1980 undir stjórn Hilmars Ingólfssonar (f. 3. júní 1943). Í dag liggur leið barnanna úr barnaskólunum í Garðaskóla, stofnaður 1966, og þar ljúka þau skyldunámi. Skólastjóri er Gunnlaugur Sigurðsson (f. 20. sept. 1939). Eins og vænta má eru í Garðabæ, sem er fjölmennt bæjarfélag, reknir fjölbrautaskóli, tónlistarskóli, myndlistarskóli og leikskólar.

Farið hefur verið hratt yfir skólasögu Garðahrepps allt frá dögum farskólans, þegar kennarinn var skólinn og skólinn kennarinn með koffortið á ferð milli bæja, til hins nútímalega farskóla, farskóla tölvunnar.

**Heimildir:**

**Anna Sveinsdóttir kennari**

Ágrip af skólasögu Garðabæjar, blað Flataskóli 1958-1998.

### **Stutt yfirlit frá 1998 – 2003**

Haustið 1997 fór Sigrún Gísladóttir, skólastjóri í námsleyfi og leysti Þorbörg Þóroddsdóttir, aðstoðarskólastjóri hana af sem skólastjóri og einnig vorið 1999. Vilbergur Júlíusson fyrsti skólastjóri Barnaskóla Garðahrepps lést árið 1999. Skólaárið 2002-2003 fór Sigrún í leyfi og leysir Inga Þórunn Halldórsdóttir hana af sem skólastjóri.

Byggt hefur verið við skólahúsið fimm sinnum og er nú 2003 verið að byggja sjöunda byggingaráfanga skólahúsnaðisins. Hönnuður er Einar Ingimarsson, arkitekt og hefur hann verið viðloðandi byggingarframkvæmdir við skólann sl. 19 ár. Verið er að hanna skólalóð skólans og er það Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt sem það gerir. Jafnframt er hann að hanna gervigrasvöll við Ásgarð, íþróttamiðstöð Garðabæjar og verður völlurinn að hluta nýttur sem skólalóð fyrir skólann.